

---

## 2. FUNDUR Í SKÓLARÁÐI SJÁLANDSSKÓLA 15. FEBRÚAR 2022

---

Mættir: Sesselja Þóra Gunnarsdóttir skólastjóri, Ósk Auðunsdóttir aðstoðarskólastjóri, Ingvar Jarl Eineborg, fulltrúi nemenda, Ingunn Þóra Hallsdóttir fulltrúi kennara, Guðrún Dóra Jónsdóttir fulltrúi kennara, Sigrún Lilja Traustadóttir fulltrúi starfsmanna, Áslaug Thelma Einarsdóttir fulltrúi foreldra og Helga Kristjánsdóttir fulltrúi foreldra.

Dagskrá skólaráðsfundar:

1. Skóladagatal
2. Önnur mál

### FUNDARGERÐ

Þriðjudaginn 15. febrúar kom skólaráð saman á fjarfundi til 2. fundar ársins 2022

Fundarefni:

#### 1. Skóladagatal

Skólastjóri fór yfir drög að skóladagatali fyrir árið 2022-2023. Skóladagatal fyrir leik- og grunnskóla í Garðabæ er samræmt. Skóladagar nemenda í grunnskólum eru 180 og eru sérstakir skipulagsdagar kennara á starfstíma nemenda 5 talsins sem dreifast yfir vikudagana. Aðrir skipulagsdagar eru 8 og eru að hausti fyrir skólasetningu og að vori eftir skólaslit. Foreldra- og nemendaviðtalsdagar eru einnig samræmdir á milli skóla í bænum. Að þessu sinni á að láta á það reyna að óska eftir því að skipulagsdagur á starfstíma skóla í vor sé ekki sá sami hjá leik- og grunnskólum þar sem þörfin er ólík milli þessara tveggja skólastiga. Leikskólarnir vilja hafa starfsdag í apríl en grunnskólar í maí.

Skólaráði gefst tækifæri til að fara yfir drög að skóladagatalinu áður en það er lagt fyrir skólanefndina og koma með athugasemdir.

Foreldrafélag Sjálandsskóla leggur áherslu á að skóladagatalið sé að öllu leyti samræmt á milli leik- og grunnskóla.

Fundarmenn óska eftir því að skipulagsdagur verði 2. janúar í stað 11. janúar.

Fulltrúi foreldra spyr hvort það sé hægt að koma í veg fyrir það að vetrarleyfi grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu séu öll á sama tíma.

#### 1. Önnur mál

Skíðaferðir Sjálandsskóla

Fundargerð ritaði:

Ósk Auðunsdóttir